
Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 1

Hvað kostar hann?

Nafn: _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: _____



Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir körfubolta fjórum sinnum í viku og fer einnig, þegar tími gefst, í ræktina. Hann vinnur með skólanum við að bera út blöð til að geta notið lífsins, en hann fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott.

Nýlega flutti hann úr sínu gamla hverfi og þurfa foreldrar hans oft að keyra hann á milli þar sem hann vildi klára 10. bekk í sínum gamla skóla. Hann er því mikið í gamla hverfinu á daginn þar til æfingar eru búnar og þarf að kaupa sér eitthvað að borða eða vera með gott nesti.

Hann hefur áhuga á fötum og má segja að töluvert af peningum hans fari í fatnað.

Áhugamálin eru auðvitað körfubolti, en auk þess er hann að læra á trompet.

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun í vinnunni sinni.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hann?**

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 2

Hvað kostar hún?

Nafn: _____ **Aldur:** 17 ára

Skóli: _____



Persónan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti hjá frænku sinni þar sem hún er utan af landi. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sínum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bílatryggingu og bensín.

Hún vinnur á kaffihúsi með skólanum og fær einhver laun fyrir það.

Áhugamál hennar eru dans, en hún æfir dans fjórum sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir, en hún keppir í samkvæmisdönsum. Hún fer einu sinni á ári í keppnisferð til útlanda sem foreldrar hennar hjálpa henni að borga.

Rekstur á bílnum í hverjum mánuði:

Skyldutrygging á bíl	Bensín

Spurningar

1 **Hvað kostar allt sem hún á?**
Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

2 **Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?**
Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 **Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?**

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hennar, í hvaða skóla hún er og hvað hún fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hún?**

1 Hvað kostar allt sem hún á?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?

Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 3

Hvað kostar hún?

Nafn: _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: _____



Persónan ykkar er í 10. bekk, æfir fótbolta þrisvar í viku og er enn að læra á píanó, en hún byrjaði að læra þegar hún var sex ára. Þegar hana vantar föt þá er hún dugleg að kaupa þau á netinu og stundum kaupir hún með vinkonum sínum til að skiptast á að nota.

Hún vinnur aðeins með skólanum við að hjálpa til við að passa krakkana í daggæslunni í grunnskólanum og fær smá pening fyrir það.

Hún fer stundum í keppnisferðir vegna fótboltans og þá þurfa foreldrar hennar að hjálpa henni með kostnað. Hún er mikil áhugamanneskja um myndlist og er á námskeiði sem kostar allt að 90.000 kr. á ári. Foreldrar hennar hafa hingað til greitt námskeiðið en munu hætta því núna.

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hún á?
Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?
Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hennar, í hvaða skóla hún er og hvað hún fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hún?**

1 Hvað kostar allt sem hún á?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?

Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 4

Hvað kostar hann?

Nafn: _____ **Aldur:** 15 ára

Skóli: _____



Einstaklingurinn ykkar á heima í sveit og fer með skólabíl í skólann á hverjum morgni.

Hann er frekar nægjusamur í neyslu og reynir að passa peningana sína þar sem hann er að safna fyrir bíl, en hann vinnur við ferðaþjónustu hjá foreldrum sínum. Hann eyðir ekki miklu í fatnað og fylgihluti þar sem hann fær eitthvað frá eldri bróður sínum og það helsta sem hann eyðir í er eitthvað tengt hestamennskunni, en hestar eru hans helsta áhugamál, og á hann einn hest sjálfur.

Hann æfir frjálsar íþróttir tvisvar í viku og þarf þá að láta keyra sig, en foreldrar hans og vina hans skiptast töluvert á í þeim efnum.

Þar sem það er ekki mikið um afþreyingu eða skemmtanir í sveitinni hans er hann oft í tölvuleikjum og á nóg af þeim.

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hann?**

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?